

Nd.

677. Frumvarp til laga

[11. mál]

um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed., 28. apríl.)

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Skólinn skal halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins, sem miði að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðnaðar, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins eftir því sem við verður komið. Skólinn skal einnig, þegar þörf kræfur, halda námskeið til endurmenntunar matsmanna verk- aðs sjávarafla, svo og til þjálfunar og menntunar nýrra matsmanna.

Fela skal skólanum að hafa námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur sjómannaskóla.

Skólinn skal hafa samráð við Framleiðslueftirlit sjávarafurða um námskeiðahald fyrir matsmenn samkvæmt þessari grein.

2. gr.

7. gr. hljóði svo:

Menntamálaráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti:

Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu Fiskmatsmannafélags Íslands og einn úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, annar skal vera frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, hinn úr röðum framleiðenda.

Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar formann.

Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

3. gr.

3. mgr. 10. gr. orðist svo:

Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 9 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lýkur með prófi eða sérstöku verkefni. Varðandi saltfisk, skreið og saltsíld skal fara fram sérstakt verklegt próf, sem geti sýnt alhliða þekkingu á meðferð og mati afurðanna í samræmi við þarfir markaðslandanna sbr. 11. gr. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um efni og framkvæmd þessara verklegu prófa.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi númin lög nr. 57 21. maí 1974.